

Nd.

592. Frumvarp til laga

[201. mál]

um breyting á lögum nr. 52 29. marz 1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Flm.: Ragnar Arnalds, Einar Olgeirsson.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til framlag í fjárlögum, eigi lægra en 20 milljónir króna.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Sjóðsstjórninni er heimilt að taka lán handa sjóðnum gegn tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins, svo að unnt sé að veita námsmönnum erlendis og við Háskóla Íslands lán, er nemi að meðaltali að minnsta kosti 50% af áætluðum framfærslukostnaði í viðkomandi námi eftir mati sjóðsstjórnar. Við úthlutun lána skal tillit tekið til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, veitir Lánasjóður íslenzkra námsmanna aðeins lán til háskólastúdenta og námsmanna erlendis. Flutningsmenn frumvarpsins telja það nauðsynjamál, að í framtíðinni hljóti allir nemendur í framhaldsnámi fjárstuðning frá ríkisvaldinu, og jafnframt telja þeir eðlilegra, að sá stuðningur sé fremur í formi styrkja en lána. Í þessu frumvarpi er þó ekki hreyft við skipulagi lánasjóðsins eða starfssviði, enda er nú verið að endurskoða lög in um lánasjóðinn í sérstakri nefnd. Með frumvarpinu er einungis reynt að bæta úr brýnustu neyð: Í fyrsta lagi er lagt til, að fjárhagur Lánasjóðs íslenzkra námsmanna verði stórlega eflur, svo að unnt sé að veita stúdentum lán, er nemi að meðaltali að minnsta kosti 50% af áætluðum framfærslukostnaði í viðkomandi námi, og í öðru lagi, að tekið sé tillit til þess, ef stúdentinn hefur fjölskyldu á framfæri sínu.

Við vorúthlutun 1966 var lánun til stúdenta við Háskóla Íslands skipt í fjóra flokka: 9, 12, 15 og 18 þúsund krónur. Langflestir umsækjendur lentu í lægsta flokki, og einungis lækna stúdentar, sem langt eru komnir í námi, fengu hæstu upphæðina. Meðaltal lánsupphæða var 12238 krónur.

Stúdentar fá því aðeins námslán, að þeir stundi námið reglulega og ljúki prófum á tilskildum tíma. Fyrstu þrjú missirnin fá stúdentar við háskólann ekkert lán. En næstu þrjú árin fá þeir flestir, miðað við seinustu úthlutun, 18000 krónur á ári. Samkvæmt skýrslum, sem gerðar hafa verið um lágmarksframfærslukostnað einhleypra stúdenta, er varla unnt að áætla hann minni en 60—65 þús. kr. yfir vetrartímann. Miðað við 12000 króna meðaltekjur á mánuði í sumarvinnu 3½ mánuð, er varla unnt að reikna með því, að stúdentinn leggi til hliðar yfir sumarið mikið yfir 25000 krónur. Umframfjárbörfin er því yfir 35000 krónur, og dugir því 18000 króna lán heldur skammt.

Á fjórða eða fimmta námsári hækka lánin oftast í 24000 krónur á vetri, miðað við seinustu úthlutun. Ekkert tillit er þó tekið til þess, að fjöldamargir stúdentar hafa fjölskyldu á framfæri sínu. Samkvæmt könnun, sem stúdentaráð gerði í fyrri, er þriðji hver stúdent við Háskóla Íslands í hjónabandi. Margt af þessu fólki er að basla við að sameina vinnu og nám með stóran barnahóp og neyðist til að borga 5000—7000 krónur í húsaleigu á mánuði. Sumum tekst við illan leik að brjótast þannig áfram til prófs. En auðvitað eru þeir miklu fleiri, sem dragast aftur úr í námi og gefast hreinlega upp.

Á undanförnum árum hefur það gerzt í hverri háskóladeildinni af annarri, að stúdentum hefur verið markaður skemmri tími til að ljúka prófum en áður var. Meðan fjárhagsaðstaða stúdenta er ekki verulega bætt, eru slíkar ráðstafanir beinlínis til þess fallnar að flæma frá námi nemendur, sem eiga í fjárhagslegum örðugleikum.

Íslenskir stúdentar við erlenda háskóla fá yfirleitt hvort tveggja, styrki og lán, sem samanlagt nema 25—30% af framfærslukostnaði stúdents í viðkomandi landi, og stöku sinnum allt að 40%. Ekki getur það talizt ofrausn, ef ríkið gefur þessum mönnum kost á að fá a. m. k. 50% af námskostnaði að láni.

Í 7. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna er ríkissjóður skyldaður til að veita sjóðnum framlag með fjárlögum, eigi lægra en kr. 4650000. Í fjárlögum árið 1966 er þessi upphæð komin í kr. 10940000. Með þessu frumvarpi er lagt til, að lágmarksframlag ríkisins á fjárlögum verði 20000000 kr.

Í 8. gr. laganna er sjóðsstjórninni heimilað að taka innanlands allt að 45 milljón króna lán handa sjóðnum á árunum 1961—1980. Flutningsmenn telja rétt að miða fjárförf sjóðsins við það takmark fyrst um sinn, að veitt séu að meðaltali lán, er nemi 50% af framfærslukostnaði stúdents og þeirra, sem eru á framfæri hans. Er því lánsheimildin að öðru leyti óbundin.

Ástæðulaust er að fjölyrða hér um þörf nútímaþjóðfélags fyrir menntamenn. En rétt er að benda á, að hvarvetna í Evrópu, bæði í austri og vestri, er stuðningur ríkisvaldsins í formi lána og styrkja hlutfallslega miklu meiri en hér er. Hins vegar státa Íslendingar af þriðju hæstu þjóðartekjum í Evrópu miðað við höfðatölu.